



Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur

Reykjavík, 23. október 2020

US200313

Mál: Fyrirspurn fulltrúa Viðreisnar varðandi heildarmagn skrifstofuhúsnæðis í 101.

Vísað er til fyrirspurnir fulltrúa Viðreisnar í skipulags- og samgönguráði 9. september sl. Í henni segir eftirfarandi: “Hvað er vitað um heildarmagn skrifstofuhúsnæðis í 101? Líklegt er að magns skrifstofurýmis í 101 muni stækka á næstu árum, miðað við þá uppbyggingu sem hafin er eða áform erum um (Alþingisreitur, Landsbankinn, Hafnartorg, Hafnarstræti ofl.). Hvað er líklegt að mikið af skrifstofuhúsnæði við á næstu misserum, í fermetrum talið?”

Í opinberri skráningu er flatarmál verslunar- og skrifstofuhúsnæðis slegið saman í gögnum Þjóðskrár og þessar upplýsingar ekki auðfengnar úr landupplýsingagrunni. Því þarf að fara í gegnum byggingarnefndarteikningar og á vettvang til að skrá húsnæði nákvæmt og var slík vinna hafin á vegum Skipulagsfulltrúa í sumar en ekki tókst að ljúka henni. Það er brýnt að halda þeirri vinnu áfram og fá mat á stöðu atvinnuhúsnæðis í miðborginni og 101. Lagt er til að settur verði á stofn vinnuhópur sem skipaður verði fulltrúum frá Umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, miðborgarstjórn og fulltrúum hagaðila. Hlutverk hans verði að greina stöðuna og fara í viðeigandi úttektir. Hlutverk hópsins yrði einnig að leggja fram tillögur um mögulegar breytingar á aðalskipulagi og skipulagsákvæðum sem varða miðborgina.

Haraldur Sigurðsson